

Strandblak Sumarið 2011

Framkvæmdir: Samið var við Jónsmenn um jarðvinnu á nýja vellinum og stækkunina á gamla vellinum. Stóran hluta af drenmolinni í báða vellina fengum við gefins hjá YL, Byko gaf okkur drendúkinn og svarta sandinn í nýja völlinn fengum við frían í Gagnstöð. Tóti Borgars sá um, fyrir hönd sveitarfélagsins að saga niður trén sem voru fyrir. Sjálfbóðaliðar komu trjánum fyrir í góða hrúgu sem Tóti fjarlægði fyrir okkur. 14. Júní 2011 mættu svo sjálfbóðaliðar frá Alcoa og blakdeildinni þökulögðu og snyrtu í kringum vellina í snjókomu og skítakulda. Þrátt fyrir hræðilegt veður gekk þetta vonum fram. Jón Grétar smíða undirstöður, súlur á báða vellina og voru undirstöðurnar á nýja vellinum settar niður. Nokkrum dögum síðar fjarlægðu Hera og Jón súlurnar af gamla vellinum og settu þær nýju niður ásamt því að setja báða vellina upp. Hugarún hafði umsjón með vallarframkvæmdum.



Styrkir Við sóttum um styrki til hinna ýmsu fyrirtækja og fengum mörg nei og fá JÁ. Fljótsdalshérað og Alcoa styrktu okkur í vallarframkvæmdunum en frá UÍA fengum við frá Þjálfarastyrk

Námskeið Boðið var upp á tvö námskeið fyrir krakka á aldrinum 11-13, 14-15 og 16-18. Námskeiðin voru auglýst í frístundabækling Fljótsdalshéraðs og voru tveir hópar á báðum námskeiðunum. Námskeiðin voru haldin 20-24 júní og 27/6 -1/7. Hera og Kristbjörg sáu um námskeiðin.

Æfingar Konurnar voru með „fastan“ æfingatíma en karlarnir mættu líka nokkuð vel þegar vel viðraði ☺

Haldin mót Boðið var upp á blak á Sumarhátíð UÍA 25. ágúst og síðan á Unglingalandsmóttinu um verzlunarmannahelgina.



Þátttaka í mótum

Oddný Freyja og Hera tóku þátt í nokkrum mótum á árinu. Páskamóti Þróttar (sem var blandað mót), Stigamóti 2 á Flúðum, Stigamóti 4 á Neskaupstað og Íslandsmóti í Fagralundi þar sem þær unnu Íslandmeistartitilinn í B- keppninni. Vonandi verða fleiri keppnisþör frá okkur í framtíðinni, þá vonumst við til að geta haldið mót í Bjarnadalnum í sumar !!



Standblaksnefnina skipa: Kristbjörg Jónasdóttir form.

Hera Ármannsdóttir og Hugarún Hjálmarsdóttir